


There are no translations available.



Sviðslistahópurinn Sviðverkur, í samstarfi við Gunnarsstofnun og Leikfélag Fljótshéraðs, stendur fyrir leiklistarsmiðju á Skriðuklaustri dagana 30. janúar til 2. febrúar næstkomandi. Í smiðjunni munu þátttakendur fá að kynna ólíkum leiklistaraðferðum og gera verklegar æfingar upp úr verki Gunnars Gunnarssonar \*Sælir eru einfaldir\* þar sem einblínt verður á texta Gunnars og tengsl hans við rými Skriðuklausturs.

Hópurinn Sviðsverkur samanstendur af Þorvaldi S. Helgasyni, sviðshöfundi og Hallveigu Kristínu Eiríksdóttur, sviðsmyndahönnuði. Hópurinn hefur saman unnið að verkum með samsettri leikhúsaðferð og mun setja upp sýningu eftir verki Gunnars á Skriðuklaustri í sumar. Smiðjan er haldin með það í huga að prófa hin ólíku rými Skriðuklausturs og kanna sviðsetningarmöguleika.

Þátttakendum verður skipt upp í hópa og munu hóparnir semja saman stutta leikþætti sem sýndir verða á lokadegi smiðjunnar. Allt áhugafólk um leiklist er velkomið, byrjendur og lengra komnir! Smiðjan fer fram að kvöldi til frá 20:00-22:00 virka daga og síðdegis laugar- og sunnudag. Þátttökugjald er 4.000 kr. Skráning og almennar fyrirspurnir fara fram á [svidsverkur@gmail.com](mailto:svidsverkur@gmail.com)

eða í síma 662-5905.